

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

### Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

### Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

<b>Dagsetning:</b>	14.09.2022
<b>Svið:</b>	Velferðarsvið
<b>Unnið af:</b>	Aðalbjörgu Traustadóttur
<b>Verkefni/tillaga:</b>	Jöfnun endurgreiðslu á útlögðum kostnaði starfsfólks allra íbúðakjarna velferðarsviðs óháð fötlun íbúa
<b>Þjónustubáttur:</b>	Húsnæði fyrir fatlað fólk
<b>Stofnun/kostn.st.:</b>	
<b>Fjárhæð:</b>	Áætlað er að tillagan feli í sér viðbótarkostnað, allt að 15,3 m.kr. á árinu 2023, sem rúmast ekki innan fjárheimilda sviðsins.
<b>Annað:</b>	

### Jafnréttisskimun:

<b>Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?</b>
Lagt er til að starfsfólk á sambýlum og íbúðakjörnum fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir fái greiddan útlagðan kostnað, allt að kr. 5.110.- á mánuði vegna stuðnings við þátttöku íbúa á samfélagsviðburðum, til samræmis við vinnulag í stoðþjónustu velferðarsviðs. Markmið tillögunnar er að fatlað fólk í þjónustu á vegum Reykjavíkurborgar fái sambærileg tækifæri til að stunda afþreyingu og njóta menningar.
<b>Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.</b>
Tillagan stuðlar að því að fatlað fólk í þjónustu á vegum Reykjavíkurborgar fái sambærileg tækifæri til að stunda afþreyingu og njóta menningar.
<b>Hvaða hópa snertir tillagan?</b>
Tillagan snertir fatlaða einstaklinga sem búa í húsnæði fyrir fatlað fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir.
<b>Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.</b>
Tillagan hefur jákvæð áhrif á stöðu fatlaðs fólks í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar og er óháð kyni.
<b>Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?<sup>1</sup></b>
Ekki að svo stöddu.

<sup>1</sup> Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

